



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 18. apríl 2023

Efni: Þróun á biðlistum eftir dagdvöl aldraðra í Kópavogi.

Þann 27. mars 2023 óskaði Björg Baldursdóttir varabæjarfulltrúi Framsóknarflokks og formaður velferðarráðs eftir upplýsingum um þróun á biðlistum eftir dagdvöl aldraðra í Kópavogi.

Dagdvalir aldraðra eru kostaðar af Sjúkratryggingum Íslands en rekstur þeirra er ýmist í höndum sveitarfélaga, fyrirtækja í velferðarþjónustu eða annarra samtaka. Í Kópavogi eru þrjár dagdvalir fyrir aldraða Kópavogsbúa. Í Roðasölum eru 20 rými, 30 í Sunnuhlíð og 30 í Hrafnistu Boðapingi. Í árslok 2022 nýttu 155 einstaklingar þjónustu þeirra. Dagdvalarrými eru samtals 80 og þar af 26 svokölluð sérhæfð dagdvalarrými, sem ætluð eru einstaklingum með heilabilun. Öll dagdvöl í Roðasölum er ætluð einstaklingum með heilabilun og sex af rýmum í Sunnuhlíð.

Einstaklingar eða aðstandendur þeirra sækja sjálfir um dagdvalarrými í Sunnuhlíð og Boðapingi. Ekki er haldið miðlægt utan um þá lista heldur sér hvor forstöðumaður fyrir sig um biðlista í viðkomandi dagdvöl. Samráð er þó á milli Boðapings og Sunnuhlíðar sem kemur í veg fyrir að einstaklingar séu á báðum biðlistum. Tekið er inn af biðlistum eftir aldri umsókna, búsetu einstaklings, óskum um dagafjölda og færni. Taka þarf tillit til þess þegar horft er á biðlistatölur að ekki liggja fyrir tölur um hversu margir bíða eftir aukningu á fjölda daga í vistun. Í árslok 2022 voru samtals 41 einstaklingur á bið eftir dagdvöl í Kópavogi þar af var enginn á bið eftir Boðapingi, 29 voru á bið eftir sérhæfðu dagþjálfunarúrræði fyrir fólk með heilabilun í Roðasölum og tólf á bið eftir Sunnuhlíð þar af þrjú sem biðu eftir sérhæfðu úrræði fyrir fólk með heilabilun. Í meðfylgjandi töflu má sá þróun á biðlistum eftir dagdvöl í bæjarfélaginu.

Dagdvöl	2018		2019		2020		2021		2022	
	Skráð	Bið	Skráð	Bið	Skráð	Bið	Skráð	Bið	Skráð	Bið
Boðaping	60	53	59	50	58	31	57	9	63	0
Roðasalir	23	38	24	23	21	36	30	45	31	29
Sunnuhlíð	45	60	62	22	64	33	63	24	61	12
Samtals	128	151	145	95	143	100	150	78	155	41

Um fjölgun dagdvalarrýma í Kópavogi

Á fundi öldungaráðs þann 21. ágúst 2019 var lögð fram eftirfarandi bókun:

„Öldungaráð leggur herslu á aukinn fjölda dagdvalarrýma í bæjarfélaginu. Slík úrræði eru forvörn og viðhalda oft á tíðum heilsu og lífsgæðum aldraðra, auk þess



sem dagdvalir geta dregið úr innlögnum á hjúkrunarheimili og þar með aukið möguleika aldraðra til að búa á eigin heimili. Fjölgun dagdvalarrýma er háð fjárveitingu ríkisins en Kópavogsbær leggur til húsnæði. Öldungaráð hvetur því til að markviss greining vari fram á þeim húsnæðiskosti sem nú þegar er í eigu bæjarins, til þess að meta hvort mögulegt sé að fjölga dagdvalarrýmum innan þeirra eininga. Hlutfall aldraðra í Kópavogi er nú 12,8% og ekkert bendir til annars en að það fari hækkandi á komandi árum. Sveitarfélagið verður að bregðast við þessari þróun með fyrrgreindri áætlun um fjölgun dagdvalarrýma sem og með öflugri og samþættri heimahjúkrun og heimaþjónustu.“

Fundargerðin var lögð fyrir velferðarráð þann 26. ágúst 2019 og var þá eftirfarandi bókað:

„Í ljósi þess hve brýnt er að fjölga dagdvalarrýmum fyrir aldraða tekur velferðarráð undir bókun öldungaráðs þar sem hvatt er til þess að markviss greining fari fram á húsnæðiskosti í eigu bæjarins, til þess að meta möguleika á að fjölga dagdvalarrýmum.“

Á fundi velferðarráðs þann 14. október 2019 var sviðsstjóra velferðarsviðs falið að fylgja þessu máli eftir. Á fundi sviðsstjóra velferðarsviðs, sviðsstjóra umhverfissviðs og deildarstjóra þjónustu- og ráðgjafardeildar aldraðra kom fram að það húsnæði bæjarins sem helst gæti komið til greina fyrir dagdeild aldraðra væru félagsmiðstöðvar aldraðra og þá sérstaklega Gjábakki. Var því boðað til fundar ofangreindra auk sviðsstjóra menntasviðs og deildarstjóra frístundadeildar þann 28. október 2019. Næsta skref var að umhverfissvið gerði úttekt á húsnæðinu með breytingar á starfsemi í huga. Í nóvember 2019 var lagt til við þáverandi bæjarstjóra að samhliða þeirri vinnu væri farið þess á leit við heilbrigðisráðuneytið að fá heimild fyrir dagdvalarrýmum.

Í febrúar 2020 skall á heimsfaraldur og dagdvalarumræðan sett tímabundið til hliðar. Á árinu 2021 var aftur hafinn undirbúningur að mögulegum breytingum á húsnæði Gjábakka út frá rekstri dagdvalarrýma. Í aðgerðaáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2022 var sett fram aðgerð ásamt verkliðum sem vinna átti í samstarfi við menntasvið og umhverfissvið. Fundað var með umhverfissviði vegna húsnæðismála og ráðgert að starfsmenn eignadeildar gerðu úttekt á húsnæðinu ásamt kostnaðaráætlun við breytingar samhliða því sem velferðarsvið myndi hefja að nýju samtal við ráðuneytið. Um mitt ár var ákveðið að stöðva framkvæmd aðgerðarinnar og endurmeta stöðuna. Vegna óvissu varðandi skipulag og uppbyggingu á Fannborgarreit þótti ekki víst að Gjábakki væri lengur hentugasta húsnæðið. Breytingar hafa orðið á biðlistatölum eins og fram hefur komið hér að framan og framundan fleiri breytingar á þjónustu til aldraða á velferðarsviði. Í aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna ársins 2023 er á áætlun að stofna vinnuhóp sem greinir stöðu aldraðra Kópavogsbúa á bið eftir dagdvöl ásamt því að greina húsnæðisþörf dagdvalar og mögulega breytta nýtingu úrræða sem þegar eru til staðar í rekstri velferðarsviðs. Hópurinn hefur störf í haust.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs